

Mál 24/2019

Miðvikudaginn 16. október, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 24/2019

Hundaræktarfélag Íslands

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (Hundaræktarfélags Íslands) sem barst siðanefnd 27.6.2019 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði hafi gerst brotlegur við reglugerð um ættbókarskráningu þar sem við skráningu á hvolpum fæddum 26.2.2019 hafi komið í ljós að rakki A var ekki með fyrirbyggjandi mjaðmaniðurstöður við þörun með tík B. Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 7.8.2019 og honum gefinn 4 vikna andmælafrestur. Kærði svaraði ekki efnislega. Ítrekun var send 11.9.2019 og gefinn var viku viðbótarfrestur en ekki barst svar. Öll vottorð og niðurstöður (eftirá tekin) voru tekin gild og hafa öll afkvæmi verið ættbókarfærð. Ákveðið að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Við skráningu á hvolpum fæddum 26.2.2019 hafi komið í ljós að rakki A var ekki með fyrirbyggjandi mjaðmaniðurstöður við þörun með tík B en skv. reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ þarf slíkt að vera til staðar. Kærandi telur að með þöruninni hafi kærði brotið gegn reglum um skráningu í ættbók HRFÍ. Rakkinn er af kyninu strýhærður vorsteh og er í eigu kærða.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber ennfremur samkvæmt grein 2.6. að vera með gild vottorð fyrir þörun um heilsufarsskoðun. Samkvæmt reglugerð um skráningu í ættbók, nánar tiltekið kafla X. sem hefur að geyma reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um tegundina: vorsteh

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun.

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að tilskilin vottorð lágu ekki fyrir við þörun en slík vottorð eru gögn sem eru áskilin um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að þau liggja fyrir við þörun til þess að tryggja sé að hundurinn beri ekki með sér erfðagalla eða sjúkdóma. Ræktendum ber skylda til þess að kynna sér viðeigandi ræktunarreglur félagsins fyrir þörun. Það breytir ekki brotinu að hundurinn hafi staðist skoðun eftir, það var ekki fyrir séð og telst kærði því vera brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

IV. Niðurstaða

Kærði X telst hafa gerst brotlegur gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærði er áminntur.

F.h. siðanefndar

Klara Símonardóttir

Anna D. Hermannsdóttir

Ásta María Karlsdóttir